



Reykjavík, 17. desember 2020

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Erindi: Umsögn við þingskjal 416 – 342. mál.

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld lögaðila sem starfa til almannaheilla.

KFUM og KFUK á Íslandi fagnar frumvarpinu og telur það fela í sér mikilvægt og tímabært skref til að styrkja og efla skattalegt umhverfi félaga sem starfa til almannaheilla. Í frumvarpinu fellst einnig viðurkenning löggjafans á því mikilvæga hlutverki sem félög til almannaheilla sinna í íslensku samfélagi og því óeigingjarna starfi sem oftast er ekki af sjálfbodaliðum.

Ein athugasemd

Sá liður sem við stöðrum við snýr að endurgreiðslu virðisaukaskatts af byggingu eða endurbótum húsnæðis. Vissulega munar um að lögaðilum sem starfa til almannaheilla verði gert kleift að óska eftir 60% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnuliðum, en við teljum bæði sanngjarnt og mikilvægt að ganga enn lengra.

Aukin vitund er í samfélaginu að vanræksla á viðhaldi húsnæðis er alvarlegt mál sem getur ógnað öryggi og heilsu þeirra sem þar dvelja. Þá eru meiri kröfur gerðar í dag til gæða, öryggis og aðgengismála húsnæðis til almannaheilla, en gerðar voru þegar mörg húsanna voru byggð. Mikilvægt er að styðja við félög sem starfa til almannaheilla, að uppfæra eldri byggingar og standa vel að viðhaldi húsnæðis í þeirra eigu og nýtt eru undir óhagnaðardrífna starfsemi þeirra.

Við teljum mikilvægt að gluggi sé til staðar í lögum um virðisaukaskatt, svo félagasamtök til almannaheilla sem eiga og reka húsnæði sem eingöngu er nýtt undir starf til almannaheilla, geti sótt um fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis, bæði af vinnuliðum og efniskaupum.

Dæmi:

KFUM og KFUK starfrækja fimm sumarbúðir og þrjú félagsheimili. Þetta eru alls 18 húseignir sem byggðar hafa verið á síðustu 70 árum, að stærstum hluta fyrir gjafafé og eru eingöngu nýttar undir starf til almannaheilla. Endurnýjun og viðhald þeirra er að mestu borið uppi af sjálfbodaliðum og verður fyrirferðameiri útgjaldaliður í starfseminni með hverju ári.

Hér eru tvö dæmi: Heilbrigðiseftirlitið gerir athugasemdir við nokkur atriði í Kaldárseli. Nauðsynlegar úrbætur verða umfangsmeiri en séð var í fyrstu. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á rúmar 17 milljónir og rúmar 4 milljónir að auki í virðisaukaskatt. Samtals 21 milljón. Stjórn Kaldársels hefur um 12 milljónir í sjóði, en þarf að safna fyrst 5 milljónum og síðan 4 milljónum í virðisaukaskatt.

Matskálinn í Vatnaskógi sem byggður var fyrir rúmum 50 árum uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar byggingar í dag. Af 190 milljón kr. kostnaðaráætlun við nýjan matskála þarf að gera ráð fyrir 38 milljónum í virðisaukaskatt.

Ábyrgð á báðum þessum verkefnum og fjáröflun til að kosta þau hvílir alfarið á sjálfboðaliðum í stjórnnum viðkomandi sumarbúða.

Rétt er að minna á að þar sem starfsemi KFUM og KFUK er undanþegin virðisaukaskatti (til dæmis leggst ekki virðisaukaskattur á dvalargjald í sumarbúðum) geta samtökin ekki jafnað innskatt og útskatt virðisaukaskatts. Þegar kemur að framkvæmdum á húsnæði, hvort sem er viðhaldi eða nýbyggingu, bera KFUM og KFUK, sem og önnur sambærileg samtök, því alfarið kostnaðinn við virðisaukaskatt.

Við fögnum og þökkum fyrir það skref sem verið er að taka. En á sama tíma teljum við ekki við hæfi að ríkissjóður nýti endurnýjun og viðhaldsáðgerðir á húsnæði, sem byggt er af góðgerðarfélögum og eingöngu nýtt til almannaheilla, til fjáröflunar fyrir ríkissjóð með því að leggja virðisaukaskatt ofan á þann kostnað sem fyrir er. Á það jafnt við hvort sem kostnaðurinn kallast vinnuliðir eða efniskaup. Með því er ríkissjóður að íþyngja krefjandi góðgerðarstarfi til almannaheilla, sem öllu jafna hvílir á herðum sjálfboðaliða.

Virðingarfyllst,
f.h. KFUM og KFUK á Íslandi



Tómas Torfason
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi
tomas@kfum.is
Sími 896 3199